

Fundargerð 900. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2021, fimmtudaginn 26. ágúst kl. 13:15 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar á Akureyri.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Haraldur Sverrisson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Rakel Óskarsdóttir og Bjarni Jónsson boðuðu forföll en varamenn þeirra höfðu ekki tók á að sitja fundinn í þeirra fjarveru. Gunnar Einarsson boðaði forföll og sat Haraldur Einarsson fundinn í hans stað.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Áður en formlegur fundur hófst þá fór fram vinnufundur um stöðu verkefna í starfsáætlun sambandsins 2021 og stefnumörkun sambandsins 2018-2022.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 899. fundar - 2101077SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 899. fundar stjórnar sambandsins frá 11. júní 2021.

Fundargerðin staðfest og undirrituð.

2. Fundir Jónsmessunefndar - 2101016SA

Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 9. júní 2021.

3. Siðanefnd sambandsins - 2009061SA

Lögð fram fundargerð 27. fundar siðanefndar sambandsins frá 26. maí 2021.

4. Félagsþjónustunefnd sambandsins - 2009307SA

Lögð fram fundargerð 55. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 9. júní 2021.

Vegna liðar 1 var eftirfarandi bókun samþykkt:

Stjórn sambandsins hvetur sveitarfélög til þess að hefja undirbúning innleiðingar laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Slíkur undirbúningur getur falið í sér endurskoðun verkferla með aukinni áherslu á samhæfingu verklags þvert á svið. Stjórnin telur það vera hlutverk sambandsins að miðla upplýsingum frá sveitarfélögum sem þegar eru komin áleiðis í sambærilegri vinnu auk upplýsinga frá félagsmálaráðuneyti um framgang innleiðingar laganna.

Vegna liðar 2 var eftirfarandi bókun samþykkt:

Stjórn sambandsins tekur undir það sem fram kemur í skýrslunni að úrræði skortir í þjónustu við börn með fjölbættan vanda og að kostnaður vegna vistunar og

þjónustu við þennan viðkvæma hóp barna hefur færst frá ríki til sveitarfélaga. Nauðsynlegt er að fá viðræður við ríki um kostnaðarskiptingu og aukin úrræði sem er í samræmi við stefnumörkum stjórnvalda um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Nefndin skorar á ríkið að hefja nú þegar viðræður við sveitarfélögin um ábyrgð, verklag og kostnaðarskiptingu þessara mála.

5. Fræðslumálanefnd sambandsins - 2009079SA

Lagðar fram fundargerðir 133. og 134. fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 9. júní og 11. ágúst 2021.

Vegna töluliðar 3 í fundargerð 134 var eftirfarandi bókun samþykkt:

Stjórnin tekur undir þá skoðun fræðslunefndar sambandsins að farsælast sé að drög að aðgerðaáætlun á grundvelli þingsályktunar um menntastefnu til ársins 2030 verði kynnt í samráðsgátt stjórnvalda áður en hún verður endanlega afgreidd. Með því móti fengi skólasamfélagið, og aðrir áhugasamir, tækifæri til þess að kynna sér inntak hennar og bregðast við. Það er vænlegra og eykur líkur á því að starfsfólk og stjórnendur skólasterfs geti sett mark sitt á aðgerðaáætlunina og öðlist þeir þannig hlutdeild í verkefninu. Mikilvægt er að ná sem víðtækastri sátt um innleiðingu og framkvæmd stefnunnar og aðgerðaáætlanirnar til að tryggja farsælan framgang þessa mikilvæga máls.

6. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2009015SA

Lagðar fram fundargerðir 65. og 66. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 11. júní 2021 og 20. ágúst 2021.

7. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2021 - 2009144SA

Lagt fram minnisblað hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 23. ágúst 2021, um fjármálaráðstefnu sveitarfélaga sem haldin verður 7. og 8. október 2021.

Stjórn samþykkir að halda fjármálaráðstefnuna sem staðfund m.v. þær fjöldatakmörkanir sem verða í gildi 7.- og 8. október. Leggja skal mikla áherslu á sóttvarnir og mikilvægt er að bjóða einnig upp á streymi frá ráðstefnunni líkt og sambandið hefur gert seinustu ár.

8. Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga 2022 - 2106040SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs, dags. 13. ágúst 2021, um forsendur fjárhagsáætlana 2022-2026.

Stjórnin þakkar fyrir greinargóðar upplýsingar sem örugglega munu nýtast sveitarfélögunum vel við fjárhagsáætlunarvinnuna sem framundan er.

9. Skýrsla um samræmda skiptingu stjórnsýslunnar - 2102035SA

Lögð fram skýrsla starfshóps forsætisráðherra um samræmda skiptingu stjórnsýslunnar, dags. í ágúst 2021.

10. Skýrsla um ráðstöfun fjármuna í grunnskóla fyrir alla - 2009082SA

Lögð fram skýrslan Ráðstöfun fjármuna í grunnskóla fyrir alla, dags. í apríl 2021.

Fram kom að skýrslan verður rýnd vel af fræðslumálanefnd sambandsins og þeim stjórnendum og sérfræðingum sambandsins sem fjalla um fræðslumál og kostnað vegna þeirra.

11. Stuðningur við sveitarfélög vegna Verkfærakistu um heimsmarkmiðin - 2106020SA

Lagt fram bréf sambandsins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 24. ágúst 2021, um beiðni um styrk til stuðningsverkefnis fyrir sveitarfélög um innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, ásamt fylgiskjali.

Stjórn sambandsins lýsir yfir mikilli ánægju með framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í þetta mikilvæga verkefni.

12. Aðgerðaáætlun um heilsuefningu aldraðra - 2101070SA

Lögð fram aðgerðaáætlun um heilsuefningu aldraðra, dags. í ágúst 2021.

Stjórnin lýsir yfir mikilli ánægju með aðgerðaáætlunina og mun sambandið taka af fullum þunga taka þátt í að innleiða og framkvæma hana eins og við á og sambandið hefur aðstöðu og möguleika til í þeim verkefnum sem snúa að sveitarstjórnarstiginu.

Mikilvægt er að hefja nú þegar viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun þessara aðgerða og tryggja að fjárframlög ríkisins verði fullnægjandi samfara greiningu á hugsanlegum ábataskiptum aðila vegna þeirra verkefna sem framundan eru.

13. Tilnefning í samráðshóp um framtíðarfyrirkomulag samræmds námsmats - 2106039SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 25. júní 2021, þar sem Þórður Kristjánsson, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefndur sem aðalmaður í samráðshóp um framtíðarskipulag samræmds námsmats, og Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, til vara.

14. Tilnefning í nefnd um undirbúning gildistöku nýrra kosningalaga - 2108002SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 5. ágúst 2021, þar sem Magnús Karel Hannesson, fv. sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, er tilnefndur í nefnd um undirbúning gildistöku nýrra kosningalaga.

15. Tilnefning í bókasafnaráð - 2108015SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 18. ágúst 2021, þar sem Njörður Sigurðsson, bæjarfulltrúi í Hveragerðisbæ, og Fríða Stefánsdóttir, bæjarfulltrúi í Suðurnesjabæ, eru tilnefnd í bókasafnaráð.

16. Tilnefning í starfshóp um launagagnsæi - 2108016SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 24. ágúst 2021, þar sem Ellisif Tinna Víðisdóttir, lögfræðingur á kjarasviði sambandsins, er tilnefnd í starfshóp um launagagnsæi.

17. Tilnefning í verkefnisstjórn vegna verkefnisins Starfsaðstæður kjörinna fulltrúa - 2106025SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 24. Ágúst 2021, þar sem Eva Hrund Einarsdóttir, bæjarfulltrúi á Akureyri, Jóhann Friðrik Friðriksson, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ, og Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík, eru tilnefnd í verkefnisstjórn vegna verkefnisins Starfsaðstæður kjörinna fulltrúa.

18. Umsögn um landgræðsluáætlun 2021-2031 - 2104006SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til Landgræðslunnar, dags. 14. júní 2021, um drög að landgræðsluáætlun 2021-2031.

19. Umsögn um drög að landsáætlun í skógrækt - 2010048SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til Skógræktarinnar, dags. 14. júní 2021, um drög að landsáætlun í skógrækt.

20. Umsögn um Hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum - 2106033SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 2. júlí 2021, um Hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum, mál nr. S-129/2021.

21. Umsögn um drög að grænbók um samgöngumál - 2107007SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 12. júlí 2021, um drög að grænbók um samgöngumál - stöðumat og valkosti, mál nr. S-142/2021.

22. Umsögn um skýrslu starfshóps um framtíðarskipulag heilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni með neyslu- og fíknivanda - 2108017SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 19. ágúst 2021, um skýrslu starfshóps um framtíðarskipulag heilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni með neyslu- og fíknivanda, mál nr. S-133/2021.

23. Umsögn um drög að reglugerð um framlög jöfnunarsjóðs til þjónustu við fatlað fólk á árinu 2021 - 2105037SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 24. ágúst 2021, um drög að reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2021, ásamt fylgiskjali.

24. Umsögn um drög að grænbók um fjarskipti - stöðumat og valkostir - 2107006SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 12. júlí 2021, um drög að grænbók um fjarskipti - stöðumat og valkosti, mál nr. S-143/2021.

Að loknum fundi fundað stjórn sambandsins og stjórnendur þess með fulltrúum frá Akureyrarbæ, Grýtubakkahreppi, Norðurþingi, Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit.

Fundi var slitið kl. 14:30

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

Eyþór Laxdal Arnalds

Haraldur Sverrisson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Kristján Þór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

framkvæmdastjóri

ritari